

Borgarbyggð  
b/t Sigurður Friðgeir Friðriksson  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 1. júlí 2019  
UST201906-277/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022- Kárastaðir í Borgarnesi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðis í landi Kárastaða úr landbúnaðarlandi í athafnasvæði. Breytingin mun taka til 2,4 ha svæðis, þannig að athafnasvæði (A2) stækkar sem því nemur og með fyrirhugaðri breytingu mun þéttbýlismörk Borgarness stækka, sem nemur umræddu svæði.


**Þétting byggðar**

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að standa vörð um ræktað land, gróin svæði og umhverfi og leita allra leiða til uppbyggingar innan núverandi þéttbýlismarka í stað þess að færa þéttbýlismörkin. Stofnunin bendir á að í kafla 3.2.1 í landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbært skipulag þéttbýlis, en þar segir að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur